



# Ársskýrsla 2012

Háskóla- og rannsóknasvið  
Símenntunarsvið  
Markaðssvið  
Menningarsvið  
Nýsköpunar- og þróunarsvið  
Starfsemi SSA

Austurbrú - Ársskýrsla 2012  
Gefin út í maí 2013

Ritstjórn: Guðrún Áslaug Jónsdóttir  
Umbrot: Esther Ösp Gunnarsdóttir  
Prentun: Héraðsprint


Austurbrú | Vonarlandi, 700 Egilsstaðir | 470-3800 | [austurbru.is](http://austurbru.is) | [austurbru@austurbru.is](mailto:austurbru@austurbru.is)

# Efnisyfirlit

<b>Ávarp framkvæmdastjóra</b>	<b>4</b>
<b>Inngangur</b>	<b>5</b>
<b>Starfslið, stjórn og fagráð</b>	<b>6</b>
<b>Starfssvæði</b>	<b>7</b>
<b>Fjármál og bókhald</b>	<b>8</b>
<b>Háskóla- og rannsóknasvið</b>	<b>9</b>
Fjöldi háskólanema	9
Þjónusta við háskólanema	10
Samstarf um námsmöguleika í iðn- og tækninámi	11
Sérverkefni um bættu þjónustu við nemendur	11
Rannsóknaverkefni	11
Rannsóknabókasafn Austurlands	12
Rannsóknánámssjóður	12
Austurlandsakademían og rannsóknatækifæri á Austurlandi	12
Vísindavaka	12
Evrópusjóðir	13
Þekkingarsetur	13
<b>Símenntunarsvið</b>	<b>15</b>
Fjöldi námskeiða, nemenda og nemendastunda	15
Námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA)	16
Íslenska fyrir útlendinga	17
Samstarf við Fjölmennt	17
Námskeið fyrir atvinnuleitendur	17
Náms- og starfsráðgjöf	17
Raunfærnimat	17
Markviss ráðgjöf	18
Samstarf við fyrirtæki og stofnanir	18
Sérverkefni í framhaldsfræðslu	18
Gæðamál	18
Samstarf fræðsluaðila í fullorðinsfræðslu	18
<b>Markaðssvið</b>	<b>19</b>
Starfið á markaðssviði	19
Upplýsingamiðstöðin	19
Kynningarstarf	20
Viðburðir	21
Þróunar- og samstarfsverkefni	21
Stefnumótun	22
<b>Menningar svið</b>	<b>23</b>
Starfsemi menningarsviðs	23
Stofn- og rekstrarstyrkir til menningarstarfsemi	23
Styrkir til menningarverkefna	24
Miðstöð menningarfræða	24
Menningarmiðstöðvarnar þrjár á Austurlandi	25
Make it Happen	25
Erlent samstarf	26
Samstarf innanlands	26
Stefnumótun og framtíð	27
<b>Nýsköpunar- og þróunarsvið</b>	<b>28</b>
Almenningssamgöngur á Austurlandi – Landshlutaverkefni SSA	28
Almenningssamgöngur í dreifbýli	28
Skapandi Samfélag á Austurlandi	28
Þorpið reynsluverkefni (MAKE by Þorpið)	29
SMALLEST – NPP Evrópuverkefni	29
Atvinnu- og nýsköpunarhelgi í Fjarðabyggð	30
Vaxtarsamningur Austurlands	30
Atvinnuþróunarsjóður Austurlands	30
Ýmis verkefni	31
<b>Starfsemi SSA</b>	<b>32</b>
Almenn starfsemi	32
Sóknaráætlun	33

# Ávarp framkvæmdastjóra

Þegar ég var að vinna kynningarefni upp úr „Ísland 2020“ fyrir tæknifræðinámið hjá Keili 2011 rakst ég fyrst á upplýsingar um undirbúning að stofnun Austurbrúar. Það heillaði mig að sjá það frumkvæði sem Austurland var að taka og hvernig það kallaðist á við markmiðin í 2020. Eftir að hafa tekið þátt í stjórnskipulagsbreytingum Háskóla Íslands gerði ég mér einnig grein fyrir þeirri miklu áskorun sem fólst í sameiningu stoðstofnana á Austurlandi.



Austurland hefur sýnt gríðarlegt frumkvæði og hugrekki með sameiningu stoðstofnana sinna. Það brautryðjendastarf sem verið er að vinna hefur hlotið athygli og hrós víða um land og hjá stjórnvöldum. Ef vel tekst til þá munu þeir sem á eftir kom líta til Austurlands sem fyrirmyndar. Þeir verða sporgöngumenn okkar.

Eins og á við um allar breytingar er auðvelt að líta um öxl og gagnrýna það sem betur hefði mátt fara. Þegar ég heimsótti Austurland til að kynna mér aðstæður í nóvember 2012 gerði ég mér grein fyrir þeim miklu væntingum sem menn báru til Austurbrúar. Austurbrú var lausnin sem margir höfðu beðið eftir og báru væntingar til að myndi leysa mörg vandamál. Mannlegt eðli er mun flóknara en skipurit í glærुकynningum og eðli málsins samkvæmt er erfitt og krefjandi verkefni að sameina ólíka málaflokka, ólíkt vinnulag og ólíka hagsmuni til að ná sameiginlegu markmiði. Það er aftur á móti vel gerlegt ef viljinn er fyrir hendi. Gagnrýnin hugsun og samvinna eru leiðir til árangurs og fortíðarþrá, uppgjöf og hræðsla við breytingar mega ekki ná yfirhöndinni.

Helstu lyklarnir að farsælli vegferð eru trú á verkefnið og samstaða hjá öllum aðilum Austurbrúar um að vera samtaka við uppbyggingu á Austurlandi sem heild. Hagur eins er hagur annars. Nýtt starf í einu byggðarlagi skapar afleidd störf jafnvel í öðrum byggðarlögum. Þess vegna þarf að líta heildstætt á samgöngumál bæði í lofti, á landi og á sjó þar sem bættar samgöngur skapa afleidd tækifæri til uppbyggingar landshlutans.

Austurland er land tækifærananna, hér eru bæði krísutækifæri og velmegunar-tækifæri. Austurbrú hefur nú lokið sínu fyrsta starfsári og verkefni framundan eru ótal mörg og krefjandi. Sameiginlega og með samvinnu skulum við taka þessum áskorunum, gera okkur grein fyrir að góðir hlutir gerast hægt, og hámarka virði þess brautryðjendastarfs sem stofnað hefur verið til.

Karl Sölvi Guðmundsson



Austurbrú var stofnuð þann 8. maí 2012 á Reyðarfirði við samruna Þekkingarnets Austurlands (ÞNA), Próunarfélags Austurlands (ÞFA), Menningarráðs Austurlands (MRA), Markaðsstofu Austurlands (MA) og skrifstofu Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA). Austurbrú er sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur.

Undirbúningur að þessari sameiningu átti sér stað í áföngum. Fyrri áfanga lauk í maí 2011 með skýrslu vinnuhóps um austfirskar stoðstofnanir (AST) „Endurskoðun á stoðkerfi atvinnulífs, menntunar og menningar á Austurlandi“. Seinni áfanginn hófst haustið 2011 og lauk með stofnun Austurbrúar í maí 2012. Skipuð var verkefnisstjórn sem vann að sameiningunni. Í henni sátu: Valdimar Ó. Hermannsson, formaður stjórnar SSA og verkefnisstjórnar, Stefán Bogi Sveinsson, varaformaður stjórnar SSA, Arnbjörg Sveinsdóttir, úr stjórn SSA, Sverrir Mar Albertsson, tilnefndur af ÞNA, Rögnvaldur Ólafsson, tilnefndur af ÞNA, Auður Anna Ingólfssdóttir, tilnefnd af ÞFA, Skúli Björn Gunnarsson, tilnefndur af MA, Kristján Ingimarsson, tilnefndur af MRA. Stefanía G. Kristinsdóttir var ráðin verkefnisstjóri.

Yfir 30 stofnaðilar eru að Austurbrú, þar á meðal eru öll sveitarfélögin á Austurlandi, allir háskólar landsins, helstu fagstofnanir, stéttarfélög og hagsmunasamtök atvinnulífsins, framhaldsskólar og þekkingarsetur á Austurlandi. Þeir lögaðilar sem hafa starfsstöð eða lögheimili á Austurlandi og gera þjónustu- eða samstarfssamninga við Austurbrú verða hagsmunaðilar. Fulltrúaráð Austurbrúar er skipað fulltrúum stofnaðila og skráðra hagsmunaaðila.

Tilgangur Austurbrúar er skv. skipulagsskrá að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Austurlandi og veita samræmda og þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu.

Austurbrú er ung stofnun sem er enn í mótun og árið 2012 var um margt krefjandi fyrir alla sem að stofnuninni koma. Það má fullyrða að töluverður tími hefur hjá flestum starfsmönnum farið í sameiningarmálin á einn eða annan hátt og hefur sú vinna bæst við verkefni sem fyrir voru. Það starf sem unnið var á starfssviðum stofnunarinnar árið 2012 var að hluta unnið af fyrirrennrum hennar. Eftir stofnun Austurbrúar hélt faglegt starf áfram í svipuðum farvegi og verið hafði áður innan hvers sviðs stofnunarinnar en smám saman hefur samstarfsflötum fjölgað.

Þessi fyrsta ársskýrsla Austurbrúar er skýrsla um alla starfsemi starfssviða Austurbrúar árið 2012, bæði það sem unnið var eftir sameiningu í Austurbrú og starfsemi þeirra stofnana sem mynda Austurbrú, fram að sameiningu. Í skýrslunni er fjallað um verkefni Austurbrúar en farið misdjúpt í þau. Í sumum tilfellum er einungis stiklað á stóru en öðrum farið nákvæmar yfir, enda er eðli verkefna mjög ólíkt. Sum svið skila ársskýrslum á öðrum vettvangi svo sem menningarsvið og SSA.

## Starfslið, stjórn og fagrað

Í árslok 2012 voru starfsmenn alls 24:

Árdís Erna Halldórsdóttir, verkefnastjóri Hornafirði  
 Árný Björg Bergsdóttir, markaðsfulltrúi Seyðsfirði  
 Ásta Kristín Sigurjónsdóttir, fulltrúi nýsköpunar og þróunar Rfj.  
 Bergþóra Hlín Arnórsdóttir, fulltrúi símenntunar Egilsstöðum  
 Guðrún Áslaug Jónsdóttir, fulltrúi háskólanáms og rannsókna Nfj.  
 Hrund Snorradóttir, verkefnastjóri Vopnafirði  
 Ingunn Bylgja Einarsdóttir, ræstitæknir Egilsstöðum  
 Jón Knútur Ásmundsson, verkefnastjóri Reyðarfirði  
 Karl Sölvi Guðmundsson, framkvæmdastjóri Egilsstöðum  
 Katrín Ásgeirsdóttir, skrifstofumaður Egilsstöðum  
 Katrín María Magnúsdóttir, verkefnastjóri Egilsstöðum  
 Kjartan Glúmur Kjartansson, verkefnastjóri Reyðarfirði  
 Klas Hjære Poulsen, verkefnastjóri Seyðisfirði  
 Lára Vilbergsdóttir, verkefnaráðin Egilsstöðum  
 Nína Sybil Birgisdóttir, skrifstofumaður Hornafirði  
 Ólafur Áki Ragnarsson, verkefnastjóri Djúpavogi  
 Ragna Hreinsdóttir, náms- og starfsráðgjafi Reyðarfirði  
 Signý Ormarsdóttir, menningarfulltrúi Egilsstöðum  
 Sigríður Elísa Jónsdóttir, vaktmaður Egilsstöðum  
 Sigrún Lóa Kristjánsdóttir, verkefnastjóri Egilsstöðum  
 Sigrún Víglundsdóttir, verkefnastjóri Norðfirði  
 Sólveig Edda Bjarnadóttir, verkefnastjóri Egilsstöðum  
 Tinna Kristbjörg Halldórsdóttir, verkefnastjóri Egilsstöðum  
 Þórunn Egilsdóttir, verkefnastjóri Vopnafirði

Emil Björnsson, Laufey Eiríksdóttir og Ragnhildur Jónsdóttir sem öll störfuðu hjá Þekkingarneti Austurlands hættu störfum 1. ágúst. Hafliði Hafliðason sem verið hafði framkvæmdastjóri Þróunarfélags Austurlands hætti störfum í apríl eða rétt fyrir sameiningu. Sigrún Lóa Kristjánsdóttir sinnti tímabundið starfi framkvæmdastjóra Markaðsstofu Austurlands frá janúar til ágúst en fór þá að vinna á sviði símenntunar og að sameiginlegum málefnum Austurbrúar. Árný Björg Bergsdóttir hóf störf sem fulltrúi markaðsmála 1. ágúst. Tinna Kristbjörg Halldórsdóttir og Jón Knútur Ásmundsson hófu störf í ágúst og Árdís Erna Halldórsdóttir hóf störf í október. Klas Hjære Poulsen kom til starfa í nóvember. Finnbogi Alfreðsson hóf störf sem fulltrúi nýsköpunar og þróunar 1. ágúst en lét af störfum í nóvember. Þorkell Pálsson hóf störf sem framkvæmdastjóri Austurbrúar 1. apríl en hvarf frá störfum í júlí. Anna Dóra Helgadóttir, Sverrir Mar Albertsson og Valdimar O. Hermannsson mynduðu teymi sem gegndi starfi framkvæmdastjóra frá 1. ágúst til 1. desember. Karl Sölvi Guðmundsson tók við starfi framkvæmdastjóra 1. desember. Sumarstarfsmenn í upplýsingamiðstöð voru Sara Dís Tumadóttir sem kom inn í mars og var út ágúst, Þórný Sigurjónsdóttir og Sólveig Edda Bjarnadóttir sem var svo ráðin áfram sem verkefnastjóri.

Skipulagsskrá Austurbrúar kveður á um sjö manna stjórn og starfsemi 15 manna fagraðs. Stjórn Austurbrúar 2012-2013 er þannig skipuð: Valdimar O. Hermannsson stjórnarformaður, Anna Dóra Helgadóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Rögnvaldur Ólafsson, Sigrún Blöndal, Skúli Björn Gunnarsson og Sverrir Mar Albertsson. Varamenn í stjórn eru: Adolf Guðmundsson, Gauti Jóhannesson,

Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, Málfríður Þórarinsdóttir, Stefán Bogi Sveinsson og Þórunn Eymundardóttir.

Fagrað Austurbrúar er þannig skipað 2012-2013: Díana Mjöll Sveinsdóttir, Elísabet Guðmundsdóttir, Eysteinn Þór Kristinsson, Friðrik Árnason, Guðrún Anna Guðnadóttir, Helgi Ómar Bragason, Hjalti Jóhannesson, Janne Sigurðsson, Jón Þórðarson, Kolbrún Halldórsdóttir, Kristján Steingrímur Jónsson, Pálína Margeirsdóttir, Sherry Curl, Sigríður Bragadóttir og Þuríður Jóhannesdóttir. Varamenn í fagraði eru: Gerður Guðmundsdóttir, Gunnlaugur Jónasson, Kristján Ingimarsson, Rannveig Þórhallsdóttir og Þorbjörg Ó. Jónsdóttir.

Austurbrú starfar á öllum fagsviðum sínum á svæðinu frá Vopnafirði suður um Djúpavog. Gerður hefur verið sérstakur samningur við Hornafjörð um að Austurbrú annist einnig starfsemi á fræðsluviði í sveitarfélaginu og spannar því starfssvæði Austurbrúar varðandi framhaldsfræðslu, háskólaþjónustu og rannsóknir svæðið frá Skeiðará í suðri norður um Vopnafjörð. Samningurinn við Hornafjörð er í gildi til ársloka 2013, jafn lengi og gildandi þjónustusamningur við mennta- og menningarmálaráðuneytið en unnið verður að endurskoðun samninga á árinu 2013.

Mannfjöldi á starfssvæði Austurbrúar er ríflega 10.200 en um 12.350 á starfssvæði fræðsluviða. Svæðið er landfræðilega mjög stórt, dreifbýlt og samgöngur oft á tíðum erfiðar.

Starfsstöðvar Austurbrúar eru á sjö stöðum, Vopnafirði, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Neskaupstað, Reyðarfirði, Djúpavogi og Höfn. Skrifstofuaðstaðan á Egilsstöðum var tvískipt árið 2012 enda höfðu Þróunarfélag og Menningarráð annars vegar og Þekkingarnet hins vegar aðsetur á sitt hvorum staðnum og á þriðja staðnum er Upplýsingamiðstöðin. Fræðsluviðin hafa auk þess samstarf við sveitarfélög á Austurlandi um aðgengi að húsnæði með fjarfundabúnaði vegna náms og kennslu á nokkrum stöðum þar sem Austurbrú hefur ekki starfsstöð.

# Starfssvæði

# Fjármál og bókhald

Það hefur verið krefjandi verkefni að sameina og halda utan um fjármál og bókhald Austurbrúar frá stofnun. Bókhald sameinuðu stofnananna kom frá mismunandi bókhaldsfyrirtækjum og ein stofnun sá sjálf um sitt bókhald. Einnig komu fram mismunandi þarfir fyrri stofnana í bókhaldi og fjármálum varðandi ýmis mál, s.s. virðisaukaskatt, styrkjaúthlutanir, erlent samstarf og framsetningu gagna þar sem á ákveðnum sviðum er verið að þróa lausnir til betri vegar.

Meginmarkmið bókhalds Austurbrúar er gegnsæi og rekjanleiki en til þess að halda utan um mismunandi svið með mismunandi áherslur þarf gott skipulag og vel skilgreint stjórnunartæki. Sú vinna er ennþá í gangi.

Við stofnun Austurbrúar var bókhaldsþjónusta boðin út. Nokkur tilboð bárust og var samið við Skrifstofuþjónustu Austurlands (SKRA) um bókhalds- og launaþjónustu. Keyptur var aðgangur að DK, bókhalds- og launabókhaldi. Reikningar eru samþykktir, merktir og greiddir á skrifstofu Austurbrúar og síðan sendir til SKRA til bókunar. Markmiðið er að geta kallað fram rekstrarstöðu mánaðarlega.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2012 sem verkefnastjórn lagði fram fyrir stofnun Austurbrúar hljóðaði upp á 1,5 m.kr. í halla. Í þeirri áætlun var gert ráð fyrir fjármagni SSA og að svokallaðir NA peningar, fyrir Vopnafjörð, Seyðisfjörð og Djúpvog væru komnir inn í Austurbrú.

Árshlutareikningar stofnananna lágu fyrir á mismunandi tímum á árinu 2012. Í september lá fyrir stofnefnahagur Austurbrúar og sýndi hann hallarekstur upp á 5,8 m.kr.

Fyrstu drög að ársreikningi Austurbrúar 2012 lágu fyrir 27. apríl 2013. Endurskoðun var framkvæmd af KPMG og var reikningurinn samþykktur á stjórnarfundum þann 6. maí.

Nánari upplýsingar um fjármál og rekstur Austurbrúar 2012 má finna í ársreikningi stofnunarinnar.

## Afkoma 2012

Rekstrartekjur	191.312.580
Rekstrargjöld	198.400.782
Afskriftir	1.806.604
Fjármagnsgjöld	405.623
Rekstramiðurstaða (neikvæð)	-9.300.429



Háskóla- og rannsóknasvið tilheyrði áður Þekkingarneti Austurlands ses (ÞNA) sem stofnað var 13. júní 2006 á grunni Fræðslunets Austurlands sem stofnað var 30. október 1998.

Háskóla- og rannsóknasvið er annað af fræðslusviðum Austurbrúar auk símenntunarsviðs. Meginmarkmið háskóla- og rannsóknasviðs Austurbrúar er að stuðla að fjölbreyttri uppbyggingu háskólanáms og rannsókna á Austurlandi og vera samstarfsvettvangur fyrir aðila er vinna að verkefnum á því sviði. Starfsmenn háskólasviðs stuðla að tengingu á milli háskóla á Íslandi og nemenda þeirra sem annað hvort stunda fjarnám frá þeim eða þurfa einhvers konar þjónustu í heimabyggð í tengslum við háskólanám sitt. Einnig er markmið að stuðla að kynningu á rannsóknastarfi og fræðimönnum, aðstoða við uppbyggingu á aðstöðu til rannsókna og stuðla að samvinnu fræðimanna á svæðinu og auknu rannsóknastarfi.

### Fjöldi háskólanema

Háskólanemendur í fjarnámi sem sóttu þjónustu til starfsstöðva ÞNA voru svipað margir 2012 og árin næst á undan. Á vorönn 2012 voru 239 fjarnemendur frá háskólum skráðir á Austurlandi en 217 á haustönninni. Nemendur hafa verið á bilinu tvö til þrjú hundruð frá árinu 2006 og var fjöldi þeirra mestur 2008 og 2009 þegar nemendafjöldinn fór nálægt 300.


#### Fjöldi nemenda og prófa hjá Austurbrú

	2010 (vor)	2010 (haust)	2011 (vor)	2011 (haust)	2012 (vor)	2012 (haust)
Fjöldi nemenda	209	254	231	212	239	217
Fjöldi prófa	442	385	393	414	430	426

Vorið 2012 þreyttu 150 nemendur 430 próf á starfsstöðvum Austurbrúar en 158 nemendur þreyttu 426 próf á haustönn. Af þessum eru nokkrir tugir á hverri önn menntaskólanemar, einkum í byggðarlögum sem eru fjarri menntaskólum. Rétt er að benda á að þessar tölur um fjölda nema gefa ekki fullkomna mynd af raunverulegum fjölda fjarnema. Ekki er víst að allir nemar komi fram í þeim gögnum sem Austurbrú hefur aðgang að og ekki eru heldur glöggar upplýsingar um það hvort allir sem eru á þeim skrá sem Austurbrú fær yfir nemendur í upphafi annar hefji raunverulega fjarnám.

Fjöldi þeirra sem tekur próf gefur heldur ekki endanlega mynd af fjölda fjarnema því heimapróf

og verkefnaskil koma stundum í stað prófa en á hinn bóginn hendur einnig að staðnemar í háskólunum taka próf í heimabyggð, sérstaklega seint á vorin og þegar komið er nálægt jólum.



Flestir nemendur sækja þjónustu í starfsstöðina á Egilsstöðum en Reyðarfjörður kemur fast á eftir og síðan Neskaupstaður og Höfn. Ef þróun á fjölda nemenda og prófa er skoðuð lengra aftur í tímann sést að það var mikil fjölgun nemenda árin 2008 og 2009 en svo fækkaði aftur og hefur fjöldinn haldist svipaður árin 2010 – 2012 en prófum fer heldur fjölgandi aftur. Leiða má líkum að því að ein af ástæðum þess að ekki fjölgar í fjarnámi síðustu árin sé sú að fjölbreytni í námsframboði í fjarnámi hefur staðið í stað og jafnvel minnkað.

#### Fjöldi prófa eftir starfsstöðvum

	2012 (vor)	2012 (haust)
Egilsstaðir	173	171
Reyðarfjörður	173	145
Neskaupstaður	44	37
Höfn	28	35
Vopnafjörður	7	29
Djúpivogur	5	9
<b>Alls</b>	<b>430</b>	<b>426</b>

Austurbrú miðlaði námskeiðum frá Endurmenntun Háskóla Íslands gegnum fjarfundabúnað skv. samningi milli Símenntunarmiðstöðva og EHI á árinu 2012. Alls sóttu 95 nemendur slík námskeið í námsverum Austurbrúar það ár.

#### Þjónusta við háskólanema

Á hverju ári er framboð háskólanema á fjarnámi kynnt fyrir íbúum Austurlands og fólki boðið að leita ráðgjafar um háskólanám hjá náms- og starfsráðgjafa eða öðrum starfsmönnum Austurbrúar. „Fjarneminn“ er upplýsingarit fyrir fjarnema á Austurlandi og var því dreift inn á öll heimili með Námsvísi fræðslu-sviða á haustönn.

Fjarnemum var boðin margvísleg þjónusta á árinu 2012. Haldnir voru stuðningstíma fyrir háskólanema, bæði á Reyðarfirði og Egilsstöðum. Einnig var veitt einstaklingsaðstoð með ýmis mál. Algengast er að nemendur biðji um aðstoð vegna heimildaleitar og meðferðar heimilda og notkunar SPSS forritsins. Nemendum er einnig liðsinnt með fjölmargt annað svo sem verkefnahugmyndir, skipulag og framvindu verkefna, að afla upplýsinga um nám, námsval og veitt aðstoð við umsóknir, vegna hagsmunamála gagnvart skólum eða einstökum kennurum svo nokkuð sé nefnt en einnig koma nemendur til starfsmanna Austurbrúar til að fá almenna hvatningu og að ræða mál.

Á sumum námskeiðum frá háskólunum er kennt reglulega gegnum fjarfundabúnað og á öðrum er slíkur búnaður nýttur fyrir fundi og verkefnaskil. Nemendur sækja slíka kennslu og fundi í starfsstöðvum Austurbrúar. Nokkrir tugir nýta sér einnig lesaðstöðu í starfsstöðvum Austurbrúar ýmist að staðaldri eða tilfallandi til dæmis í aðdraganda prófa. Þar hafa nemendur aðgang að nettengingu, prentara og ljósritunarvél.



Við íslenskukennslu í námsverinu á Reyðarfirði.

### Samstarf um námsmöguleika í iðn- og tækninámi

Vorið 2011 fengu Þekkingarnet Austurlands, Háskólinn í Reykjavík og Verkmenntaskóli Austurlands styrk til þriggja ára úr samfélagssjóði Alcoa til að „efla þekkingarsamfélag í Fjarðabyggð“. Hlutverk Austurbrúar í verkefninu 2012 var einkum að kynna aukna þjónustu við nemendur í frumgreinanámi við Opna Háskólann í HR. Nemendur í frumgreinanám frá HR voru 6 á vorönn en 8 á haustönn 2012. Þeim stóð til boða að sækja staðarloturnar í fjarfundi, taka próf í námsverum Austurbrúar (bæði hluta- og lokapróf), þeir fengu stuðningskennslu í námsverum Austurbrúar eða hjá sérhæfðum kennurum sem Austurbrú útvegaði og verklegar æfingar fóru fram á Austurlandi undir leiðsögn kennara af svæðinu.

### Sérverkefni um bættu þjónustu við nemendur

Á vorönn 2012 hélt verkefni um sérstaka þjónustu við kennara í framhaldsnámi áfram en það hófst 2011. Að verkefninu komu auk Austurbrúar Menntavísindasvið HÍ og Stofnun rannsóknasetra HÍ sem styrkti verkefnið. Ákveðið var að bjóða hópi nemenda af Austurlandi í námskeiðinu MVS 009 „Kenningar um nám barna, unglunga og fullorðinna“ að taka þátt í staðlotum í gegnum fjarfundabúnað og einnig var boðið upp á stuðningstíma með leiðbeinanda í heimahéraði. Verkefnið gaf góða raun.

### Rannsóknaverkefni

Á árinu 2012 var sótt um styrk til eflingar starfsmenntunar til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Þekkingarnet Austurlands (nú Austurbrú) hlaut ríflega 2ja milljóna króna styrk til að greina námsþarfir og helstu hindranir í námi hjá hópi verkafólks á Austurlandi. Styrkurinn er ætlaður til vinnustaðahémsóknna og könnunar meðal starfsmanna og vinnuveitenda. Undirbúningur verkefnisins fór fram haustið 2012 og er það unnið áfram vorið 2013.

Undir lok árs 2012 hófst undirbúningur að því að Austurbrú tæki að sér vinnu við sjálfbærni-verkefni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar. Verkefnið hefur verið vistað hjá Þekkingarneti Þingeyinga undanfarin ár. Þar sem áform Alcoa um uppbyggingu við Húsavík hafa verið lögð til hliðar er ljóst að viðfangsefni verkefnis er bundið við Austurland. Í verkefninu er haldið utan um mælingar á fjölmörgum mælikvörðum eða vísam sem mæla breytingar í umhverfi, samfélagi og efnahag á Austurlandi í kjölfar Kárahnjúkavirkjunar og álvers Fjarðaáls.

### Rannsóknabókasafn Austurlands

Rannsóknabókasafn Austurlands er skráð undir nafni Þekkingarnets Austurlands í Gegni. Bókasafnið er sameiginlegt bókasafn 8 stofnana á Austurlandi. Það taldi í árslok 2011 3539 titla. Útlán jukust ár frá ári 2009 - 2011 úr 117 árið 2009 í 360 árið 2011 en fækkaði svo í 155 árið 2012.

### Rannsóknánámssjóður

PNA hlaut styrk frá Vaxtarsamningi Austurlands 2010 til að koma á fót sjóði til styrktar rannsóknaverkefnum háskólanema. Alls voru greiddir 8 styrkir á tímabilinu 2010-2012 til sjö mastersnemar og eins nemanda í BEd námi. Viðfangs efni verkefnanna sem styrkt voru eru fjölbreytt og styrkþegar bæði karlar og konur.

Þessi verkefni hlutu styrki:

- Svavar Guðnason og menningarverðmætin  
Hulda Rós Sigurðardóttir mastersnemi í hagnýtri menningarmiðlun HÍ.
- Hreinskilni og einfaldleiki í hönnun á Austurlandi  
Garðar Eyjólfsson mastersnemi í hugmyndafræðilegri hönnun við Design Academy Eindhoven.
- Jarðfræði kortlagning á Víknaslóðum  
Erla Dóra Vogler mastersnemi í jarðfræði við HÍ.
- Fjárfesting til framtíðar  
Lísa Lotta Björnsdóttir mastersnemi í stjórnun Menntastofnana HÍ.
- Gallabuxur, barmmerki og leður, um menningu rokksins og hátíðina Eistnaflug  
Jón Knútur Ásmundsson mastersnemi í hagnýtri menningarmiðlun.
- Fjöruvistkerfi í grenndarkennslu  
Kristín Jónsdóttir mastersnemi í náttúru og umhverfisfræði við LBHÍ.
- Stóriðjuskóli Fjarðaáls  
Eysteinn Þór Kristinsson mastersnemi í menntastjórnun og mati við HÍ.
- Píla í sveitinni  
Robyn Elizabeth Vilhjálmsson verkefni til lokaprófs leikskólakennara við HA.

### Austurlandsakademían og rannsóknatækifæri á Austurlandi

PNA og Menningarráð Austurlands fengu styrk fyrir nokkrum árum til að vinna að vettvangi og kynningu á austfirskum lista- og fræðimönnum á grunni verkefnisins „rannsóknartorg“ (rannsoknartorg.is). Verkefnið hefur gengið undir heitinu Austurlandsakademían. Nokkru hefur verið safnað af gögnum um fræðimenn, rannsóknaverkefni, verkefnahugmyndir ofl. inn á vefinn en verkefnið var í nokkurri lögð 2012 og framhald þess þarfnast stefnumótunar.

### Vísindavaka

Frá því 2009 hefur Þekkingarnet Austurlands ein fárra stofnana á landsbyggðinni árlega tekið þátt í Vísindavöku í Reykjavík. Markmiðið er að fá hverju sinni til liðs við sig vísindafólk á Austurlandi og gefa því kost á að kynna rannsóknir og rannsóknahugmyndir sínar. Árið 2012 var haft samband við nokkra aðila um að kynna verkefni sín á Vísindavöku og þau gleðilegu tíðindi urðu að 2 aðilar af Austurlandi fóru þangað með rannsóknaverkefni. Í för með Austurbrú slóst Náttúrustofa Austurlands með rannsóknir á hreindýrum undir yfirskriftinni „Hvað segja horn og tennur um aldur hreindýra?“ og Heilbrigðisstofnun Austurlands ákvað að taka þátt í Vísindavöku undir eigin nafni með verkefnið „Er offitan að sliga þig? Hvað er til ráða?“.



Fyrsti útskriftarhópur úr Stóriðjuskóla Fjarðaáls.

### **Evrópusjóðir**

Austurbrú hefur milligöngu um kynningar og námskeið í tengslum við gerð umsókna í Evrópusjóði. Fræðsluvið Austurbrúar sóttu um IPA - styrk til verkefni um eflingu menntunar og þjónustu í smábæjum haustið 2012 í samstarfi við Þekkingarnet Þingeyinga, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Háskóla-setrið á Höfn, Nýheima og Kirkjubæjarstofu. Ekki fékkst styrkur til verkefnisins .

### **Þekkingarsetur**

Austurbrú tengist þekkingarsetrum á svæðinu á margvíslegan hátt og vinnur að því að þekkingarsetur á svæðinu myndi samstarfsnet um málefni sem horfa til eflingar á þekkingarstörfum og rannsóknum á Austurlandi. Austurbrú tengist eftirfarandi setrum:

#### **Kaupvangur**

Uppbygging Kaupvangs á Vopnafirði hefur verið möguleg vegna styrks frá Norðausturnefnd og kom Þekkingarnet Austurlands að uppbyggingunni. Austurbrú, á fulltrúa í stjórn Kaupvangs og þar er starfsstöð Austurbrúar á Vopnafirði.

#### **Nýheimar**

Á Hornafirði er starfsstöð Austurbrúar staðsett í þekkingarsetrinu Nýheimum þar sem tveir starfsmenn sinna námskeiðahaldi, þjónustu við háskólanema og annari fræðslutengdri þjónustu við fólk og fyrirtæki. Í Nýheimum starfa Rannsóknarsetur HÍ, Framhaldsskólinn í Austur Skaftafellssýslu, Matis, Nýsköpunarmiðstöð, Ríki Vatnajökuls, fræðslustjóri Hornafjarðar, Menningar- miðstöð Hornafjarðar og veitingasalan Prinsessan á bauninni.

#### **Vísindagarðurinn**

Austurbrú er með fjölmennustu starfsstöð sína í Vísindagarðinum að Tjarnarbraut 39e á Egilsstöðum. Auk Austurbrúar eru þar Náttúrstofa Austurlands, Fornleifavernd ríkisins, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirlit Austurlands, Matvælastofnun og VIRK var þar fram í ágúst. Þarna eru fjölbreyttir möguleikar til samstarfsverkefna.



### Kreml og Búland

Í Kreml er starfsstöð Austurbrúar á Norðfirði. Þar er einnig til húsa starfsstöð AFLs starfsgreinafélags. Þá hafa starfsmenn í Kreml ýmiskonar samstarf og samtal við fræðasetrið Búland í Neskaupstað en þar eru Verkmenntaskóli Austurlands ásamt Náttúrustofu Austurlands, Matís og fleiri aðilum. Verkefnið „Kvöldvökur í Kreml“ þar sem almenningi er boðið í röð erinda til fróðleiks og skemmtunar var í gangi bæði á vor og haustönn 2012. Verkefnið er styrkt af Samvinnufélagi útgerðarmanna í Neskaupstað.

### Fróðleiksmolinn

Starfsstöð á Reyðarfirði er í Fróðleiksmolanum en auk Austurbrúar eru þar með skrifstofur: AFL -Starfsgreinafélag Austurlands, Starfsendurhæfing Austurlands, VIRK, Sókn lögmannsstofa og Motus.

### Starfsstöðin á Djúpavogi

Austurbrú er til húsa að Bakka 1, húsinu Geysi, ásamt bæjarskrifstofum Djúpavogshrepps. Vonir eru bundnar við að þar byggist upp tengslanet við þekkingar- og fræðastarf á svæðinu.

### Silfurhöllin Seyðisfirði

Auk Austurbrúar eru í húsinu höfuðstöðvar Sagnabrunns, þar sem sex þýðendur hafa vinnuaðstöðu. Starfsmaður Skrifstofuþjónustu Austurlands er þar, skrifstofa Skálaness, framkvæmdastjóri Vesturports, LungA skólinn, og verkfræðingar frá Eflu og Verkfræðistofu Austurlands hafa þar aðstöðu. Auk þess er hárgreiðslustofa þar til húsa. Í Silfurhöllinni ætti að geta skapast jarðvegur fyrir þverfagleg verkefni og frjótt starfsumhverfi.

### Breiðdalssetur

Austurbrú tekur þátt í þróun Breiðdalsseturs. Þekkingarnet Austurlands kom að því verkefni frá upphafi og sat fyrrverandi framkvæmdastjóri í stjórn Breiðdalsseturs árið 2012.

Símenntunarsvið tilheyrði áður Þekkingarneti Austurlands ses. Símenntunarsvið er annað af fræðsluviðum Austurbrúar auk háskóla- og rannsóknasviðs og starfa þau náið saman. Meginmarkmið með starfi símenntunarsviðs Austurbrúar er að stuðla að fjölbreyttri símenntun á Austurlandi, vera samstarfsvettvangur fyrir aðila er vinna að verkefnum á sviði símenntunar og vera í fararbroddi í þróun og framboði á símenntun á svæðinu.

Símenntunarsvið er tengiliður milli þeirra aðila sem bjóða upp á símenntun og fullorðinsfræðslu annars vegar og hins vegar einstaklinga, fyrirtækja og stofnana á Austurlandi. Starfsmenn Austurbrúar kynna, miðla og skipuleggja nám sem einstaklingar og fyrirtæki í fjórðungnum kunna að þurfa og óska eftir hverju sinni. Starfsmenn sviðsins leggja á ráðin með faghópum sem vilja bæta við þekkingu sína, um lengra eða styttra nám, útbúa sérvalin námskeið eftir óskum og sjá um undirbúning þeirra s.s. útvegum kennara, húsnæðis o.fl.

### Fjöldi námskeiða, nemenda og nemendastunda



Fjöldmörg námskeið eru haldin á hverju ári fyrir ólíka hópa. Fjöldi nemenda og fjöldi námskeiða hefur verið svipaður undanfarin ár en nemendastundum fjölgar.

#### Fjöldi námskeiða, þátttakenda og nemendastunda

	2008	2009	2010	2011	2012
Námskeið	154	124	130	137	129
Þátttakendur	1.638	1.228	1.305	1.347	1.301
Nemendastundir	30.658	37.723	33.855	45.594	50.472

Árið 2012 komu tilmæli frá Kvasi, samtökum aðila í fullorðinsfræðslu um að flokka námskeið með öðrum hætti en gert hefur verið á starfssvæði Austurbrúar til að auðvelda samanburð á milli svæða. Fram til þessa hafa námskeið ekki verið sundurgreind eftir efnisflokkum og því eingöngu hægt að bera saman fjölda námskeiða, þátttakendafjölda og fjölda nemendastunda frá fyrri árum.

Árið 2012 voru haldin 129 námskeið á Austurlandi, mismörg eftir efnisflokkum, flest eru starfstengd námskeið og næstflest eru íslenskunámskeið fyrir útlendinga.



Fjöldi þátttakenda á námskeiðum hefur verið nokkuð stöðugur undanfarin ár og var samtals 1301 árið 2012. Kynjahlutfallið er körlum nokkuð í óhag en um 60% nemenda eru konur.

Þrátt fyrir að fjöldi námsmanna sé stöðugur frá ári til árs og fjöldi námskeiða sé einnig svipaður á milli ára þá fjölga nemendastundum jafnt og þétt. Ástæðu þess er fyrst og fremst að finna í fjölgun námsleiða Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins þar sem fjöldi kennslustunda er meiri en á öðrum námskeiðum sem boðið er upp á. Heildarfjöldi nemendastunda er nú 50.472 og hefur fjölgað um tæp 11% frá fyrra ári.

### Námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA)


Árið 2012 voru kenndar 9 mismunandi námsleiðir frá FA. Þegar talið er eftir önnum þá miðast talning við fjölda námskeiða og kennslustundafjölda á önn, þannig teljast 16 námsleiðir samtals á vorönn og haustönn, stundum hluti af námsleið og stundum er sama námsleið kennd nokkrum sinnum.

- Stóriðjuskólinn grunnnám, tveir hópar luku námi á árinu
- Stóriðjuskólinn framhaldsnám, 1 hópur hóf nám á árinu
- Fiskvinnslunámskeið, 3 hópar
- Landnemaskóli, 2 hópar
- Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum, 1 hópur lauk námi og annar hóf nám á árinu
- Fjölverkjar, 1 hópur
- Sterkari starfsmaður, 1 hópur
- Aftur í nám, 1 hópur
- Fagnámskeið, 1 hópur


Stóriðjuskólinn er sú námsleið sem telur flestar nemendastundir á árinu, þar luku tveir hópar grunnnámi eftir að hafa verið í námi í þrjár annir.

Auk námsleiða FA var kennd námsleiðin „Grunnnám fyrir skólaliða“ í fjarnámi sem var samstarfsverkefni Austurbrúar og Þekkingarnets Þingeyinga. Verkefnið var styrkt af Fræðslusjóði og aðaláhersla lögð á að þróa leiðir til að kenna námsleiðir FA með fjarnámsniði. Nemendur voru á þremur stöðum og kennarar voru staðsettir í fjarfundanámsverum á Norðausturlandi.

Nemendastundir á vorönn 2012



Nemendastundir á haustönn 2012





### Íslenska fyrir útlendinga

Á árinu 2012 voru haldin 23 námskeið í íslensku fyrir útlendinga og fjöldi þátttakenda var 196. Þetta er heldur meiri þátttaka en undanfarin ár og eru helstu ástæður þess aukin áhersla á íslenskukunnáttu í stórum fyrirtækjum. Námskeiðin eru styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Auk námskeiða í íslensku er samstarf við fyrirtæki um talþjálfun og hæfnipróf í íslensku.

### Samstarf við Fjölmennt

Austurbrú hefur umsjón með námskeiðum fyrir fatlaða með fjármögnun frá Fjölmennt og voru 10 námskeið haldin á árinu. Námskeiðin voru haldin á Egilsstöðum, Seyðisfirði, Hornafirði og í Fjarðabyggð. Á haustönn 2012 voru námskeiðin heldur lengri en áður hefur verið vegna þess að aukið fé fékkst til fullorðinsfræðslu fatlaðra á haustönn 2012.

### Námskeið fyrir atvinnuleitendur

Samstarf er á milli Austurbrúar, STARFs vinnumiðlunar, Vinnumálastofnunar, VIRK og Starfsendurhæfingar Austurlands (StarfA) um námskeið sem sérstaklega eru sniðin að þörfum þeirra sem standa höllum fæti á vinnumarkaði. Vorið 2012 voru haldin þrjú tilraunanámskeið í samstarfi við STARF sem öll tókust mjög vel, Umhirða ungskóga, Fjölsmiðanámskeið og Talþjálfun í íslensku. Eitt námskeið í matreiðslu var haldið fyrir StarfA en annars nýttu þessir aðilar námstilboð sem í boði eru fyrir almenning á Austurlandi.

Á haustönn voru tvö námskeið endurtekin fyrir STARF, þ.e. Umhirða ungskóga og Talþjálfun í íslensku.

Á Hornafirði sáu starfsmenn Austurbrúar um nýskráningu og ráðgjöf við atvinnuleitendur samkvæmt samningi við Vinnumálastofnun þar um.

### Náms- og starfsráðgjöf

Austurbrú er með samning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um framkvæmd náms- og starfsráðgjafar fyrir fólk á vinnumarkaði. Meginmarkmiðið með verkefninu skv. samningnum er að veita einstaklingum með litla formlega grunnmenntun hvatningu til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði með náms- og starfsráðgjöf. Á fyrri hluta árs störfuðu þrjú náms- og starfsráðgjafar hjá stofnuninni en tveir þeirra létu af störfum á miðju ári. Tekin voru 452 viðtöl, þar af voru 130 viðtöl við atvinnuleitendur. Hlutfall kynja var þannig að um var að ræða 301 konu (66%) og 151 karl (34%).

Austurbrú vinnur náið með STARFi vinnumiðlun og Vinnumálastofnun varðandi náms- og starfsráðgjöf fyrir atvinnuleitendur og hafa ráðgjafar verið samferða vegna ferða í ráðgjafarþjónustu á þéttbýlisstaði á Austurlandi.

Auk ráðgjafarviðtala vegna markhóps fullorðinsfræðslu veitir náms- og starfsráðgjafi fjarnemum háskólanna ráðgjöf og þá fyrst og fremst þeim sem eru að skoða mismunandi námstækifæri hjá skólunum en einnig þeim sem þurfa aðstoð vegna námstækni og prófkvíða.

### Raunfærnimat

Mat á raunfærni byggist á að nám fari ekki eingöngu fram innan formlega skólakerfisins heldur við ýmsar aðstæður. Með raunfærnimati er stefnt að því að staðfesta og meta raunverulega færni einstaklinga í skilgreindum verkum eða námsefni án tillits til þess hvernig eða hvar þessarar færni hefur verið aflað.

Á vorönn 2012 var raunfærnimat í vélvirkjun og í matartækni, hvort tveggja í samstarfi við IÐUNA fræðslusetur.

### **Markviss ráðgjöf**

Markviss ráðgjöf er þjónusta við fyrirtæki og stofnanir. Samkvæmt aðferðum Markvissrar ráðgjafar er unnið kerfisbundið að starfsmannapróun með því að skipuleggja menntun og þjálfun starfsfólks. Í dag hafa þrír starfsmenn Austurbrúar fengið þjálfun sem Markviss ráðgjafar, Ragna Hreinsdóttir, Þórunn Egilsdóttir og Bergþóra Arnórsdóttir.

### **Samstarf við fyrirtæki og stofnanir**

Unnið var að fræðsluáætlunum með Heilbrigðisstofnun Austurlands, Sveitarfélaginu Hornafirði, Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs og Félagsþjónustu Fjarðabyggðar og voru haldin námskeið fyrir starfsmenn þessara stofnana. Í nokkrum tilfellum eru sameiginleg námskeið fyrir starfsmenn mismunandi vinnustaða þannig að mögulegt sé að halda námskeið í heimabyggð starfsmanna þrátt fyrir fáa þátttakendur frá hverjum vinnustað.

Þá er áfram unnið að samstarfsverkefnum með Alcoa Fjarðaáli í frumgreina-deild og iðnfræði ásamt Háskólanum í Reykjavík og vegna Stóriðjuskólans í samstarfi við Verkmenntaskóla Austurlands.

Nokkur fyrirtæki og stofnanir nýta einnig þjónustu Austurbrúar varðandi sérhæfð námskeið fyrir starfsmannahópa og stjórnendur.

### **Sérverkefni í framhaldsfræðslu**

Í september fékk Austurbrú þrjá styrki frá mennta- og menningarmálaráðuneyti í verkefninu Styrkir til eflingar starfsmenntunar.

Um er að ræða greiningu á hindrunum í námi og þörf fyrir nám hjá verkafólki á Austurlandi, þróun og tilraunakennsla á starfstengdu námi í íslensku á vinnustað í samstarfi við Skinney-Þinganes og Framhaldsskóla Austur Skaftafellssýslu og þróunarverkefni í samstarfi við Tækniminjasafn Austurlands og Starf vinnumiðlun um námskeið þar sem meginmarkmiðið er að bjóða verklega þjálfun og gera drög að námsskrá. Undirbúningur vegna þessara verkefna fór fram haustið 2012 og framkvæmd fer fram vorið 2013. Jafnframt var í nóvember sótt um 3 samstarfsverkefni til viðbótar í sama verkefni og verða þau verkefni unnin árið 2013.

### **Gæðamál**

Unnið hefur verið að mótun gæðahandbókar og uppbyggingu gæðakerfis fyrir símenntunarfsemi Austurbrúar frá haustinu 2010. Árið 2012 var sótt um vottun á gæðaviðmiðum EQM sem lýst er í gæðahandbókinni og hefur Fræðslumiðstöð atvinnulífsins umsjón með því vottunarferli í samstarfi við vottunaraðila frá BSI. Unnið er að umbótaáætlun og fékkst vottun í byrjun árs 2013.

### **Samstarf fræðsluaðila í fullorðinsfræðslu**

Austurbrú er aðili að Kvasi samtökum svæðisbundinna fræðslu- og símenntunarmiðstöðva sem sinna símenntun og öðrum verkefnum skv. samningum við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Austurbrú er einnig aðili að Leikn sem er sameiginlegur vettvangur aðila í fullorðinsfræðslu á Íslandi.

Markaðsstofa Austurlands sem var stofnuð 7. febrúar 1999 af sveitarfélögum á Austurlandi og ferðaþjónustuaðilum varð markaðssvið innan Austurbrúar við stofnun hennar.

Markaðssviði er ætlað að kynna og markaðssetja Austurland sem eina heild. Starfsmenn sviðsins starfa náið með öllum ferða- og menningarfulltrúum á Austurlandi, sveitarfélögum, öðrum hagsmunaaðilum en fyrst og fremst með á annað hundrað ferðaþjónustufyrirtækjum á Austurlandi. Helstu markmið á sviði markaðsmála eru að styrkja ímynd Austurlands í hugum ferðamanna, að annast stjórnun og markaðssetningu sameiginlegra viðburða, safna upplýsingum og halda utan um gagnagrunn um ferðaþjónustu á Austurlandi, að samræma markaðsstarf í ferðaþjónustu á Austurlandi m.a. með liðsinni og ráðgjöf við ferðaþjónustuaðila og sveitarfélög á svæðinu, að vera leiðandi í stefnumótun í ferðamálum, að hvetja til nýsköpunar og vörubróunar í ferðaþjónustu á svæðinu m.a. með þátttöku í ýmsum samstarfsverkefnum og vera málssvari og vettvangur umræðu og samstarfs í ferðaþjónustu á Austurlandi.

Markaðssvið rekur Upplýsingamiðstöð Austurlands á Egilsstöðum.

### Starfið á markaðssviði

Starfið einkennist af annatímum á mismunandi sviðum eftir árstíma og misjafnt hvort þunginn er á Upplýsingamiðstöðinni eða í öðru starfi Markaðsstofunnar. Í byrjun árs 2012 var rólegt á Upplýsingamiðstöðinni, örfáir ferðamenn komu í janúar og febrúar en með vorinu fjölgaði þeim og frá júní og fram í október var stöðugur erill ferðamanna. Í nóvember og desember var aftur fátt um ferðamenn. Vorið var annasamt á Markaðssviði í útgáfu, sumarið einkenndist af kynnisferðum, aðstoð við blaðamenn, ferðabókahöfunda, nýju innanlandsátaki „Ísland er meðetta“ og ýmsu tilfallandi. Uppfærsla á vefnum east.is er einnig stöðugt verkefni enda þarf sífellt að sinna uppfærslum hans til að hann þjóni tilgangi sínum.

### Upplýsingamiðstöðin

Upplýsingamiðstöð Austurlands á Egilsstöðum ber ábyrgð á almennri upplýsingagjöf til ferðamanna og annarra aðila er koma að ferðaþjónustu. Hún er skilgreind sem landshlutamiðstöð fyrir Austurland og hefur ákveðnar skyldur sem slík, t.d. hvað varðar opnunartíma og miðlun á bæklingum og öðrum upplýsingum. Upplýsingamiðstöðin er starfrækt allt árið. Yfir vetrartímam þegar umferð ferðamanna um upplýsingamiðstöðina er í lágmarki fer stór hluti starfsins í að svara fyrirspurnum og vinna að ýmsum verkefnum markaðssviðs.

Árið 2012 komu um 50.000 gestir í upplýsingamiðstöðina. Sala landakorta og ferðahandbóka jókst nokkuð frá fyrri árum og var selt fyrir tæpar 6,5 milljónir. Árið 2012 var dreift tugþúsundum bæklinga um og fyrir ferðaþjónustuna á Austurlandi af ýmsum gerðum, erlendis sem innanlands. Jafnframt var leitast við að senda sem mest af upplýsingum á rafrænu formi og er mikið af markaðs- og kynningarefni komið á rafrænt form sem hægt er að senda með tölvupósti eða hala niður af vefnum east.is.

## Kynningarstarf

### Útgáfa

Þjónustukortið er kort af Austurlandi og þar eru upplýsingar um alla helstu þjónustu á svæðinu. Einnig eru merktir inn áhugaverðir staðir o.fl. þess háttar. Þjónustukortið var endurútgefið 2012 í samstarfi við sveitarfélög og ferðaþjónustuaðila og var upplagið 30.000 eintök.

Smábókin „East Iceland – Official tourist guide“ kom einnig út í þriðja sinn árið 2012. Bókin inniheldur upplýsingar um Austurland, umhverfi, samfélög og þjónustu. Upplagið var 30.000 eintök. Bókin þykir handhægt kynningarrit.

Litill ímyndarblöðungur með vetrarmyndum var prentaður fyrir sýningar.

### Vefur

Vefurinn east.is er óendanlegt verk í viðhaldi og endurbótum. Árið 2012 var farið í gegnum vefinn, forsiðu hans breytt, hún gerð líflegri og meira af myndefni sett inn á vefinn. Þar að auki hafa ýmsar upplýsingar um félaga verið uppfærðar og nokkrir nýir ferðaþjónustuaðilar hafa bæst við.

### Sýningar og kaupstefnur

Markaðssvið tekur þátt í sýningum og kaupstefnum. Stefnt er að því að efla þennan þátt í starfseminni og taka í framtíðinni þátt í fleiri ferðakaupstefnum erlendis í samstarfi við Íslandsstofu o.fl. Árið 2012 sóttu starfsmenn markaðssviðs eftirtaldar kaupstefnur:

Mid Atlantic ferðakaupstefna Icelandair var haldin í Reykjavík í byrjun febrúar. Markaðssviðið var með bás á sýningunni og tókst vel til.

Vestnorden kaupstefnan var haldin í Reykjavík í október og tókst ágætlega. Markaðssviðið fór með kynningarefni um landshlutann og það sem þar er boðið upp á.

### Kynnisferðir

Markaðssvið Austurbrúar tók á móti fjölmiðlafólki, ljósmyndurum og ferðaskrifstofufólki á árinu. Með samstarfi við ferðaþjónustu á svæðinu tókst að skapa góða ímynd í huga og hjarta þeirra sem komu í þessum tilgangi. Stefnt er að því að fjölga slíkum heimsóknum til muna. Meðal þeirra sem nutu aðstoðar sviðsins voru blaðamenn og ljósmyndarar frá Wanderlust, Lonely Planet, The Times, The Daily Mail, Hamburger Morgenpost, Hamburger Abendblatt, NDR, Lübecker Tagesblatt o.fl.

### Viðburðir

Markaðssvið kemur að markaðssetningu fjölmargra viðburða á Austurlandi á margvíslegan hátt. Hér verða nefndir þeir helstu.

### Flott í vetur

Unnið var að markaðssetningu á möguleikum vetrarferðamennsku og afþreyingar. Markaðssvið, Seyðisfjörður, Fjarðabyggð og Fljótsdalshérað unnu saman að kynningarefni tengdu vetrinum undir merkjum „Flott í vetur“ og náðu þar með betri kjörum á ferðum og fleiru og auknum slagkrafti.

### Páskafjör á Austurlandi

Páskafjör var haldið í 8. sinn og er sú hátíð búin að festa sig í sessi. Það var að vanda fjölbreytt og skemmtileg dagskrá og mikið um að vera á skíða- svæðunum. Ýmis tilboð voru kynnt, þ.á.m. á flugi og gistingu.

### Ljósmyndasamkeppni

Á vormánuðum 2012 stóð Markaðsstofan að ljósmyndasamkeppni í samstarfi við Iceland Express á nýrri Facebook síðu Markaðsstofunnar og skilaði það mikilli athygli og umferð á vefnum og hátt í 400 fallegum myndum frá Austurlandi sem nýta má í markaðsefni.

### Sumarviðburðir

Hefðbundið kynningarátak var keyrt síðastliðið sumar í fjölmiðlum. Auglýsingar voru samlesnar á RÚV auk birtinga skjáauglýsinga og blaðaauglýsinga. Þátttaka á sumarhátíðum var góð.

### Dagar myrkurs

Dagar myrkurs voru haldnir frá 1. – 11. nóvember í 13. sinn. Þeir hefjast alltaf fyrsta fimmtudag í nóvember. Hátíðin er liður í því að fjölga ferðamönnum til Austurlands á jaðartíma en ekki síður skemmta heimamönnum. Dagskráin var að vanda fjölbreytt og áhugaverð. Kynning var í sérblaði með Dagskránni, á vefnum og í samlesnum auglýsingum og skjáauglýsingum. Þá voru nokkrir staðir með sérstakt gistitilboð, sumir í samstarfi við Flugfélag Íslands. Kynningarátak Daga Myrkurs var styrkt af Vísi, Síldarvinnslunni, Eskju, Alcoa, Íslandsbanka, Landsbankanum, Icelandairhotels og Flugfélaginu. Er styrktaraðilum þökkuð velgjörðin.

### Jól á Austurlandi

Markaðssviðið stóð fyrir þessu átaki í sjöunda sinn og gekk vel, enda dagskráin skemmtileg í skammdeginu. Fjölmörg fyrirtæki tóku þátt og leituðust í sameiningu við að hvetja fólk til að versla í heimabyggð og taka þátt í skemmtilegum viðburðum tengdum jólamánuðinum. Að vanda stóðu styrkir undir kynningarkostnaði. Jól á Austurlandi er gott dæmi um afbragðs samvinnu styrktaraðila og samtakamátt ferðaþjónustu, verslunar og menningarstofnana.

### Þróunar- og samstarfsverkefni

Markaðssvið tekur þátt í mörgum þróunar- og samstarfsverkefnum og eru hér nefnd þau helstu.

#### Samstarf markaðsstofa landshlutanna

Þetta samstarf er öflugt og eru fundir haldnir einu sinni í mánuði. Markaðsstofurnar eru í dag sjö talsins og er þar Höfuðborgarstofa meðtalin. Verkefni sem unnið hefur verið sameiginlega að eru t.a.m. smábókin, vefmál í samstarfi við Ferðamálastofu, „Ísland er með'etta" átakið, ásamt öðru er lýtur að sameiginlegum hagsmunum. Markaðssvið Austurbrúar tók þátt í verkefninu og mætti markaðsfulltrúi á fundi vegna þess og tók þátt í þróun verkefnisins og vefsins.

#### Samstarf menningar- og ferðamálafulltrúa

Samstarfið var í föstum skorðum með reglulegum fundum þar sem ferða- og menningarfulltrúar frá öllum sveitarfélögum á starfssvæði Austurbrúar koma saman ásamt fulltrúum frá markaðsviði og menningarsviði Austurbrúar. Gott samstarf hefur skapast og mikill hugur í öllum að efla ferðaþjónustu á öllum sviðum.

### Heimsóknir til ferðapjónustuaðila

Starfsmenn upplýsingamiðstöðvar og markaðssviðs heimsóttu nær alla ferðapjónustuaðila sumarið 2012 en æskilegt væri að hafa tíma til frekari heimsókna.

### Samstarf við opinbera aðila

Ágætt samstarf var við SSA, sveitarfélögin og aðrar stoðstofnanir en markaðssviðið tók virkan þátt í ýmsum verkefnum með þessum aðilum auk þess að kynna starfsemi markaðssviðs Austurbrúar. Þá tók markaðssviðið virkan þátt í ýmsum verkefnum tengdum stjórnsýslu, löggjöf og hagsmunagæslu á opinberum vettvangi. Markaðssviðið veitti til dæmis umsagnir um nokkur lagafrumvörp og annað sem varðar beina og óbeina hagsmuni ferðapjónustu.

Markaðssviðið tók þátt í verkefni sem snýr að markaðssetningu Egilsstaðaflugvallar og eru bundnar miklar vonir við þau tækifæri sem tengjast flugvellingnum til lengri tíma litið.

### Stefnumótun

Vinna við stefnumótun í ferðamálum á Austurlandi er í stöðugri endurskoðun en nokkurra ára gömul stefnumótunarvinna hefur verið notuð sem leiðarljós í markaðssetningu svæðisins um skeið þótt ekki hafi verið gefið út formlegt stefnumótunarplagg. Stefnt að því að taka aftur upp þráðinn við endurskoðun stefnu samfara nýju skipuriti enda mikilvægt að stefna sé lifandi og svari breyttum aðstæðum.

Markmið menningarsviðs er að standa fyrir öflugri þróunarstarfi í menningarmálum, hvetja til samstarfs og faglegra vinnubragða og stuðla að almennri vitund og þekkingu um menningarmál. Þá úthlutar Menningarráð Austurlands fjármagni til menningarverkefna á Austurlandi samkvæmt samningi ríkis og sveitarfélaga á Austurlandi um menningarmál og hefur eftirlit með framkvæmd þess samnings.

Menningarsvið Austurbrúar sinnir nú þeim verkefnum sem áður voru á höndum Menningarráðs Austurlands. Menningarráð Austurlands varð til þegar fyrsti menningarsamningur ríkis og sveitarfélaga var gerður árið 2001. Þá var strax gerður þjónustusamningur við Gunnarsstofnun á Skriðuklaustri sem sá um daglegan rekstur og ráðningu starfsmanns frá árinu 2002 til áramóta 2011/2012.

### Starfsemi menningarsviðs

Hluta af árinu 2012 fór Menningarráðið sjálft með rekstur og starfsmannahald vegna starfa menningarfulltrúa eða þar til að Austurbrú ses. var stofnuð. Menningarsamningur ríkis og sveitarfélaga fluttist síðan yfir til Austurbrúar 1. júní 2012. Á þeim tíma sem menningarsvið Austurbrúar hefur starfað hefur starfsemi einkennst af talsverðum breytingum og annríki en eðlilegt var að með stofnun Austurbrúar yrðu breytingar. Nýr starfsmaður var ráðinn inn á menningarsvið 1. nóvember 2012 þegar gerður var samningur við Seyðisfjarðarkaupstað um að flytja Miðstöð menningarfræða yfir til Austurbrúar. Þar með voru starfsmenn menningarsviðs orðnir tveir.

Þegar menningarsamningur ríkis og sveitarfélaga færðist yfir til Austurbrúar breyttist hlutverk Menningarráðs Austurlands. Ákveðið var að halda Menningarráðinu sem sérstöku ráði með það hlutverk helst að úthluta verkefnastyrkjum til menningarverkefna og hafa eftirlit með framkvæmd menningarsamningsins. Því voru unnar sumarið 2012 nýjar samþykktir fyrir Menningarráð af fulltrúum úr stjórn þess og úr stjórn Austurbrúar. Í framhaldi af þeirri vinnu var haldinn aukaaðalfundur Menningarráðs Austurlands á Borgarfirði eystri 14. september til þess að lögfesta breytingarnar.

### Stofn- og rekstrarstyrkir til menningarstarfsemi

Talsverð breyting varð á hlutverki Menningarráða landshluta á árinu 2012. Ríkið tók það skref sem lengi hafði verið í undirbúningi að landshlutasamtök sveitarfélaga tækju við úthlutun stofn- og rekstrarstyrkja til menningarmála af fjárlaganefnd Alþingis. Við úthlutun verkefnastyrkja á Skriðuklaustri 6. febrúar 2012 skrifaði Menningarráð Austurlands undir þennan viðbótarsamning vegna þess. Menningarráð úthlutaði síðan stofn- og rekstrarstyrkjum í fyrsta skipti um vorið 2012 en með flutningi menningarsamningsins yfir til Austurbrúar hefur Austurbrú nú tekið við umsýslu þessa fjármagns.

Menningarráð Austurlands veitti 15,5 milljónum til stofn- og rekstrarstyrkja árið 2012. Úthlutað var í apríl 2012 og hlutu 16 verkefni styrki frá 100.000 kr. til 2,5 milljóna. Sótt var um vel yfir fimmtíu milljónir króna. Heildarkostnaður verkefna sem fengu úthlutun var áætlaður rúmar 190 milljónir. Menningarráð Austurlands hefur lagt áherslu á að styðja við rekstur stofnana og fyrirtækja í menningarstarfi sem þegar eru starfandi og hljóta ekki styrki úr öðrum opinberum sjóðum. Auk þess var tekið tillit til þess hvaða stofnanir hafa hlotið styrki frá fjárlaganefnd Alþingis síðustu ár. Talsvert er um nýjar og mjög stórar framkvæmdir þar sem eingöngu er sótt í afmarkaðan hluta af heildar framkvæmdinni og hefur Menningarráðið veitt til nokkurra slíkra verkefna.



Dæmi um nokkur verkefni sem hlutu stofn- og rekstrarstyrk árið 2012:

Hönnunarsamfélagið Make by Þorpið	2.500.000
LungA, listahátíð ungs fólks Austurlandi	2.000.000
Sköpunarmiðstöðin á Stöðvarfirði	1.500.000
Rikharðssafn á Djúpavogi	1.200.000
Myndlistasafn Tryggva Ólafssonar	1.200.000
Tækniminjasafn Austurlands	1.200.000
Óbyggðasafn Íslands í Fljótsdal	1.000.000

### Styrkir til menningarverkefna

Árlega eru veittir verkefnastyrkir til menningarmála á Austurlandi fyrir tilstilli menningarsamnings ríkis og sveitarfélaga á Austurlandi. Menningarráð Austurlands úthlutaði verkefnastyrkjum í Snæfellsstofu á Skriðuklaustri í Fljótsdal 6. febrúar 2012 að viðstöddum mennta- og menningarmálaráðherra Katrínu Jakobsdóttur, embættismönnum ráðuneytis og sveitarstjórnarmönnum. Úthlutað var til 63 verkefna á Austurlandi að upphæð 26,6 milljónir króna. Hæstu styrkir námu 1,2 milljónum króna og þeir lægstu 100 þúsund krónum. Alls bárust 98 umsóknir til menningarverkefna.

Ávörp við úthlutunina fluttu mennta- og menningarmálaráðherra Katrín Jakobsdóttir, Björn Ingimarsson formaður Menningarráðs Austurland og Skúli Björn Gunnarsson forstöðumaður Gunnarsstofnunnar. Ávörpin er hægt að lesa á heimasíðunni [austurbru.is](http://austurbru.is).

Dæmi um verkefni sem hlutu styrki í árið 2012:

Þorpið hönnunarsamfélag á Austurlandi	1.200.000
LungA, listahátíð ungs fólks Austurlandi	1.000.000
Tvö tónlistarverkefni í umsjá Erlu Dóru Vogler	900.000
Tækniminjasafn Austurlands, tvö verkefni	900.000
Rímur og rokk	800.000
Eistnaflug	800.000
Þjóðleikur	800.000
Sköpunarmiðstöðin Stöðvarfirði	800.000
Hammondhátíð	800.000

Ferkari upplýsingar um styrkveitingar er að finna á heimasíðunni [austurbru.is](http://austurbru.is).

### Miðstöð menningarfræða

Á Seyðisfirði er starfrækt Miðstöð menningarfræða og eins og fyrr er getið er starfsemi hennar hluti af Austurbrú samkvæmt samningi milli Seyðisfjarðar og Austurbrúar. Einn starfsmaður vinnur í Miðstöð menningarfræða og er hlutverk hans fyrst um sinn að fylgja eftir þeim verkefnum sem þegar voru í Miðstöð menningarfræða og samanstanda af verkefnum fyrir Skaftfell, Tækniminjasafn og Seyðisfjarðarkaupstað. Áhugavert verður að móta þessa starfsemi sem hluta af stefnumótun Austurbrúar í samráði við ofangreindar stofnanir á Seyðisfirði.



## Menningarmiðstöðvarnar þrjár á Austurlandi

Skaftfell miðstöð myndlistar á Austurlandi, Tónlistarmiðstöð Austurlands á Eskifirði og Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs miðstöð sviðslista á Austurlandi eru mikilvægar í allri uppbyggingu menningar í fjórðungnum og sem hluti af menningarsamningi ríkis og Austurbrúar. Í síðasta samningi sem unninn var af Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Menningarráði og ráðuneytum var ákvæði um miðstöðvarnar eins og verið hafði í öllum samningum frá árinu 2001. Í gegnum menningarsamninginn fær hver miðstöð 4 milljónir og annað eins frá sveitarfélögunum.

Menningarfulltrúi fundar reglulega með menningarmiðstöðvunum sem er mikilvægt til þess að halda tengslum og auka samstarf á milli miðstöðvanna. Þá taka forstöðumenn þeirra þátt í fundum menningar- og markaðssviðs Austurbrúar með menningar- og ferðamálafulltrúum sveitarfélaga.

## Make it Happen



Make it Happen. Óður til gömlu ljósaperunnar (t.v.) og frá vinnustofu á ráðstefnunni (t.h.).  
(Myndir: Glamour Et cetera)

Lokaviðburður tveggja ára evrópuverkefnisins „Creative Communities“ var ráðstefnan „Make it happen“ sem var haldin á Austurlandi dagana 25. – 28. september. Um var að ræða farandráðstefnu sem fór fram á nokkrum stöðum á Austurlandi og var í yfirumsjá menningarsviðs Austurbrúar. Í tilefni af tíu ára afmæli Menningarráðs var ákveðið að veita aukafjármagni til ráðstefnunnar og efla hana og tengja hana þannig afmæli ráðsins.

Ráðstefnan var skipulögð af Austurbrú en samstarfsaðilar fengnir á þeim stöðum þar sem ráðstefnan fór fram svo sem á Seyðisfirði og Stöðvarfirði. Markmiðið var að þekkingin yrði eftir innan Austurbrúar og hjá samstarfsaðilunum og nýttist til framtíðar. Einn helsti samstarfsaðili Austurbrúar við undirbúning og framkvæmd ráðstefnunnar var fyrirtækið Glamour sem lagði fram mikla og ómetanlega vinnu og nýtti tengslanet sitt til að ráðstefnan fengi athygli á heimsvísu. Undirbúningur og framkvæmd ráðstefnunar gekk vel. Creative communities verkefnið (CC) var samstarfsverkefni Menningarráðs, Þekkingarnets og Þróunarfélags Austurlands sem nú eru öll komin inn í Austurbrú. Í hugum margra var ráðstefnan ekki bara lok á CC heldur einnig lok þessara stofnana og nýtt upphaf í þverfaglegu samstarfi sem fram fer í gegnum Austurbrú. Þetta samstarfsverkefni gæti verið fyrirmynd að slíku þverfaglegu samstarfi innan Austurbrúar í framtíðinni.



Styrkþegar styrkja til menningarverkefna árið 2012.

Þátttaka á ráðstefnunni var góð en hana sóttu 110 manns frá tíu þjóðlöndum og margir áhugaverðir fyrirlestrar í boði. Síðasti dagur ráðstefnunnar var einkar áhugaverður. Þann dag var haldin vinnustofa þar sem ráðstefnugestir tóku þátt í því að vinna grunnhugmyndafræði að því að byggja upp skapandi samfélag á Austurlandi. Í þessari vinnu tóku þátt blaðamenn, erlendir prófessorar, hönnuðir, gestir og heimamenn. Afrakstur þessarar vinnu er mjög góður grunnur til uppbyggingar fjölbreytts og skapandi samfélags tuttugustu og fyrstu aldarinnar á Austurlandi. Frekari upplýsingar um ráðstefnuna er að finna á [make.is/makeithappen](http://make.is/makeithappen).

### Erlent samstarf

Undanfarin ár hefur Menningarráð Austurlands átt gott samstarf við menningarráð Donegal á Írlandi og Vesterålen í Noregi og hélt það samstarf áfram á árinu 2012. Eitt af því áhugaverða og óvanalega í menningarsamstarfinu var samstarfið milli fyrirtækjanna Eskju á Eskfirði og Biomar í Myre í Noregi. Verkefnið heitir Ritmafor og er samstarf tónlistafólks frá þessum svæðum þar sem haldnir eru tónleikar inni í fyrirtækjunum um leið og matur og menning landanna er kynnt. Verkefnið hefur þegar farið fram í Noregi og síðari hlutinn verður á Eskfirði sjómanna dagshelgina 2013. Þá var eins og áður fjöldi heimsóknna, verkefna og listamannadvalar á milli þessara landshluta beggja vegna Atlandshafsins.

Í tilefni af afmælisári Menningarráðsins var ákveðið að vekja athygli á samstarfinu við Vesterålen í Noregi og gefa saman út ritið „Menningarstarf milli jaðarsvæða“ sem kom bæði út á íslensku og norsku.

Í gegnum verkefnið Creative Communities hafa orðið til áhugaverð tengsl við Borgundarhólm í Danmörku. Um er að ræða samstarf við CRT sem er „Center for Regional- og Turismeforsking“. Samstarfsverkefnið „Mit hjem er hvor midt hjarte ligger“, milli Bornholm, Austurlands og Vesterålen varð til árið 2012 og verður að mestu unnið árið 2013.

### Samstarf innanlands

Gott samstarf hefur skapast á milli menningarfulltrúa landshluta og eru haldnir reglulegir fundir þeirra þar sem rædd eru ýmis mál og hagsmunir málaflokksins. Yfir vetrartímann eru haldnir mánaðarlegir símafundir og tvisvar

á ári eru snertifundir þar af annar í Reykjavík þar sem mæta einnig formenn menningarráðanna.

Eins og nefnt er í kaflanum um markaðsmál eru árlegir fundir með fulltrúum ferða- og menningarmála sveitarfélaganna og markaðs- og menningarsviði Austurbúar þar sem forstöðumenn menningarmiðstöðva mæta einnig.

### Stefnumótun og framtíð

Hafin er stefnumótun menningarsviðs Austurbúar þar sem núverandi menningarstefna Austurlands sem unnin var af Menningarráð Austurlands er höfð til hliðsjónar. Sú stefna var unnin 2009 og gildir til ársins 2014. Margt af henni hefur þegar komist til framkvæmda en við annað verður unnið áfram og það væntanlega tekið upp í stefnumótun menningarsviðs Austurbúar.

Núverandi menningarsamningur rennur út í lok árs 2013. Fyrirhugaðar eru breytingar á menningarsamningum fyrir landið í heild. Hvað framtíðin ber í skauti sér varðandi menningarstarf á Austurlandi og aðkomu Austurbúar, sveitarfélaga og ríkisins að því ræðst á seinni hluta ársins 2013, eða þegar nýr menningarsamningur lítur dagsins ljós. Verði áfram unnið í þeim anda sem hefur einkennt samstarf þessara aðila fram til þessa er ekki ástæða til annars en að líta framtíðina björtum augum.



Gestir Make it Happen á gjömingi í gömlu frystihúsi, Skálum, miðstöð fyrir hljóðlist og tilraunakennda tónlist á Seyðisfirði.  
(Myndir: Glamour Et cetera)

Nýsköpunar- og þróunarsvið Austurbrúar var, fyrir stofnun Austurbrúar, Þróunarfélag Austurlands sem var stofnað árið 1983.

Meginmarkmið nýsköpunar- og þróunarsviðs er að efla og skapa tækifæri til uppbyggingar í atvinnu og byggðapróun á Austurlandi og vinna eftir stefnu-mótun fyrir Ísland 20/20. Helstu vaxtargreinar á Austurlandi eru skv. sóknar-áætlun 20/20 þessar: Þekkingariðnaður og hugvit, Norðurslóðir, skapandi greinar, ferðaþjónusta allt árið, Drekasvæðið, hátækni og áframvinnsla hráefna (ál og fiskur).

Verkefnarammi nýsköpunar- og þróunarsviðs skiptist í fimm meginflokka:

1. Viðskipta og atvinnuráðgjöf til einstaklinga og starfandi fyrirtækja.
2. Verkefni sem unnin eru í samstarfi eða að beiðni sveitarfélaga á svæðinu.
3. Svæðisbundin verkefni sem fela í sér heildstæða þróun þvert á sveitafélög.
4. Almenn sókn og frumkvæði tengd atvinnu-, nýsköpunar- og þróunar-tækifærum á svæðinu.
5. Gagnaöflun og upplýsingagjöf fyrir fjórðunginn.

### **Almenningsamgöngur á Austurlandi – Landshlutaverkefni SSA**

Verkefnið snertir öll sveitarfélög á Austurlandi með einum eða öðrum hætti og því mikilvægt að tryggja að þau hafi öll aðkomu að verkefninu og áhrif á gang þess. Öll sveitarfélög á Austurlandi hafa undirritað viljayfirlýsingu þess efnis. Markmið verkefnisins er að: Samþætta allan akstur á Austurlandi, koma upp skilvirku upplýsingakerfi og þróa nýjar leiðir með samvinnu allra sveitafélaga. SSA hefur gert samning við þrjú sveitarfélög á Austurlandi um að sjá um að hafa milligöngu við akstursaðila á svæðinu um akstur sem áður byggðist á sérleyfis-samningum milli Vegagerðar ríkisins og viðkomandi akstursaðila. Samningar eru byggðir á grunni eldri sérleyfissamninga en við kerfið bætist annar akstur innan sveitarfélaga sem og starfsmannaakstur Alcoa Fjarðaáls eftir nánara samkomulagi þar um. Þau sveitarfélög sem hafa milligöngu um samninga við akstursaðila eru Seyðisfjörður, Djúpvogur og Fjarðabyggð. SSA mun gera sambærilegan samning beint við akstursaðila á Borgarfjörð.

### **Almenningsamgöngur í dreifbýli - Evrópuverkefni (Rural Transport Solutions)**

Markmið verkefnisins er að yfirfæra og deila þekkingu og reynslu í almennings-samgöngum á dreifðum byggðum á norðurslóðum Evrópu. Stefnan er að almenningsamgöngur verði raunhæfur kostur fyrir íbúa dreifðra byggða, kostnaðarlega, umhverfislega og samfélagslega. Samstarfsaðilar eru Svíar, Skotar, Hjaltlendingar og Finnar. Samstarfsaðilar heimsóttu Austurland í mars 2012. Lokaráðstefna verkefnisins var haldin í Svíþjóð 25. ágúst 2012 þar sem samstarfsfélagar verkefnisins komu saman og farið var yfir niðurstöður verkefnis-ins. Tilraunaverkefni nýsköpunar- og þróunarsviðs (áður Þróunarfélags) fólst í samræmingu á samgöngukerfi Fjarðabyggðar og innleiðingu nýrra leiðakerfa fyrir sveitafélagið auk þess að leggja til þekkingu frá öðrum hvað varðar upplýsingagjöf, miðasölukerfi og þróun.

### **Skapandi Samfélag á Austurlandi – Evrópuverkefni (Creative Communities)**

Þetta verkefni snýst um yfirfærslu og þróun þekkingar í handverki og hönnun og gerð námsskráa og var upphaflega samstarfsverkefni Þekkingarnets, Þróunarfélags og Menningarráðs Austurlands. Markmiðið var að auka verðmætasköpun úr staðbundnu hráefni á Austurlandi og fá handverksfólk og



hönnuði til að vinna saman að vörubrúun, markaðssetning og sölu. Íslenskir samstarfsaðilar í verkefninu voru Skógrækt ríkisins og Miðás. Auk þess studdu eftirtaldir aðilar við verkefnið og komu að því að einhverju leiti: Ullarvinnsla frá Láru, Menntaskólinn á Egilsstöðum, Handverk og hönnun og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Erlendir samstarfsaðilar voru: Nässjö träcentrum og Nässjö learning centre í Svíþjóð, CRT í Bornholm í Danmörku og Filteriet í Lögstör í Danmörku. Vonast er til að niðurstöður úr verkefninu geti meðal annars orðið grunnur að frekari þróun náms í skapandi greinum.

MAKE IT HAPPEN – Lokaráðstefna CC og afmælishátíð Menningarráðs Austurlands. Ráðstefnan var farandráðstefna sem fór fram á nokkrum stöðum á Austurlandi. Umfjöllun um hana má finna undir kafla menningarsviðs.

### **Þorpið reynsluverkefni (MAKE by Þorpið)**

Þorpið var tilraunaverkefni sem sett var af stað stuttu eftir hrun af Þekkingarneti Austurlands, Þróunarfélagi Austurlands og Menningarráði Austurlands en verkefnastjóri Þorpsins var ráðin til Austurbrúar í lok árs 2012 og er verkefnið nú vistað innan nýsköpunar- og þróunarsviðs Austurbrúar.

Vinnuheiti verkefnisins fékk alþjóðlegri brag í lok árs 2012 og kallast „Make by Þorpið“ sem er regnhlíf og samstarfsveitvangur yfir hugmyndafræði atvinnugreina í þróun, innleiðingu hönnunarhugsunar og eflingu innviða skapandi greina á Austurlandi.

Markmið verkefnisins er að vinna að atvinnuuppbyggingu á sviði hönnunar og handverks. Sú hugmyndafræði sem orðið hefur til með Þorpinu hefur vakið athygli víða og hafa tengsl og samstarf orðið til sem mikilvægt er að halda áfram. Austurbrú er leiðandi afl í þróunarvinnunni í nánu samstarfi við fólk og fyrirtæki á Austurlandi og mun þannig þróa sína þjónustu og ráðgjöf á sviði skapandi greina í nánu samtali við hönnuði, handverksmenn, listamenn og fyrirtæki á svæðinu.



Starfsfólk Þróunarfélagsins á Bakkafirði (t.v.) og hjá HB Granda á Vopnafirði (t.h.).

### **SMALLEST – NPP Evrópuverkefni**

SMALLEST er hugmynd að þjónustu sem er ætlað að auðvelda sveitarfélögum á afskekktustu svæðum Norður-Evrópu aðgengi að endurnýjanlegum orkugjöfum. Sveitarfélög á Austurlandi voru heimsótt þar sem farið var yfir það

húsnæði sem þau hafa yfir að ráða. Samstarf var við orkustofnun um ráðgjöf til sveitafélaga um orkusparnað og nýjar nálganir varðandi húshitunarkosti. Samstarfsaðilar voru Svíar, Finnar og Bretar/Skotar. Lokaráðstefna fór fram í mars 2012 í Skotlandi.

### Atvinnu- og nýsköpunarhelgi í Fjarðabyggð

Haldin var atvinnu- og nýsköpunarhelgi í Fjarðabyggð helgina 11. - 13. maí í samvinnu við Innovit, Landsbankann og sveitarfélagið (Fjarðabyggð). Markmið atvinnu- og nýsköpunarhelgarinnar var að virkja fólk til athafna og skapa vettvang fyrir þá sem langar að koma viðskiptahugmynd í framkvæmd og njóta til þess leiðsagnar sérfróðra aðila. Fjöldmörg fyrirtæki komu að helginni með styrkjum sem gerði það að verkum að hægt var að hafa vegleg peningaverðlaun fyrir best útfærðu viðskiptahugmyndirnar. Hugmynd að viskíframleiðslu og byggingu verksmiðju til hennar á Austurlandi þótti besta viðskiptahugmyndin. Hugmyndin er hugarfóstur Gillian „Dillý“ Haworth. Stofnun fiskisafns á Breiðdalsvík þótti næstbesta hugmyndin.



Þátttakendur af námskeiðinu „Skapandi samfélag“ sýna verkefni.

### Vaxtarsamningur Austurlands

Vaxtarsamningur Austurlands er í umsjón verkefnastjóra á nýsköpunar- og þróunarsviði og hefur það að meginmarkmiði að efla Austurland sem eftirsóknarverðan valkost til búsetu. Þetta er gert með því að stuðla að atvinnuþróun með uppbyggingu svokallaðra klasa og tengslaneta en samstarf þriggja eða fleiri aðila er grundvöllur þess að verkefni fái styrk úr samningnum. Stefna Vaxtarsamnings er að styðja við uppbyggingu í anda náttúru og sjálfbærni. Á síðustu árum hefur fjöldi verkefna hlotið styrk úr sjóðnum. Einungis var úthlutað einu sinni árið 2012.

### Atvinnuþróunarsjóður Austurlands

Utanhald með sjóðnum hefur verið á vegum starfsmanna Þróunarfélagsins og samkvæmt skipuriti Austurbrúar fellur verkefnið undir nýsköpunar- og þróunarsvið Austurbrúar.

## Ýmis verkefni

Hér verða talin ýmis verkefni sem starfsmenn nýsköpunar- og þróunarsviðs vinna að:

**Móttaka frumkvöðla.** Almenn móttaka og ráðgjöf til starfandi fyrirtækja og þeirra sem hafa hug á því að hefja rekstur. Verkefnastjóri metur möguleika viðskiptahugmyndar sé hún komin á það stig, aðstoðar við uppbyggingu á áætlun, finnur samstarfsaðila, fjárfesta o.s.frv.

**Áframvinnsla á áli og fiski.** Tvö verkefni sem ganga út á aukna verðmætasköpun úr þeim hráefnum sem verða til á Austurlandi.

**Áframhald á verkefnum tengdum samgöngum og byggðarþróun.** Almennings-samgöngur á Austurlandi er verkefni sem er vistað á sviðinu og þjónustað að beiðni SSA sem er með samning um verkefnið við Vegagerð Ríkisins allt til ársins 2017.

**Vinna að uppbyggingu fiskeldis.** Áframhaldandi vinna með aðilum að uppbyggingu á fiskeldi bæði á sjó og á landi. Unnið hefur verið með aðilum að fiskeldi á Seyðisfirði og Héraði.

**Vinna með safnafólki að uppbyggingu safna.** Þróunarsvið hefur komið að vinnu með Sjóminjasafni Austurlands á árinu.

**Vinna að auknum verkefnum í fjarvinnslumálum.** Tvö verkefni eru í gangi á vegum Þjóðskjalasafns Íslands og eru þau vistuð á Breiðdalsvík og Djúpavogi. Almenn kynning á Austurlandi meðal fjárfesta og fyrirtækja. Hafin er vinna sem miðar að því að uppfæra upplýsingavef og útbúa almennt markaðsefni fyrir fjárfesta og fyrirtæki sem vilja hefja rekstur á Austurlandi. Hluti af fjármagni í þetta verkefni kemur úr Sóknaráætlun Austurlands.

Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) vinnur að hagsmunum sveitarfélaganna á Austurlandi og er ætlað að starfa í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga eftir því sem við verður komið.

SSA berst fyrir auknum jöfnuði milli landshluta til búsetu svo sem hvað varðar orkuverð, vöruverð, aðstöðu til náms, aðgang að heilbrigðisþjónustu og menningarstarfsemi. SSA stuðlar að víðtækri þekkingu sveitarstjórnarmanna á verkefnum sveitarstjórna og vinnur að því að gera verkefni sveitarstjórna eftirsóknar- og áhugaverð. SSA hefur forgöngu um samgöngu-, atvinnu- og byggðapróunarverkefni í fjórðungnum.

Stjórn tímabilið 2011 – 2012: Arnbjörg Sveinsdóttir, Jón Björn Hákonarson, Gauti Jóhannesson, Stefán Bogi Sveinsson, Unnur Björgvinsdóttir, Þórunn Egilsdóttir og Valdimar O. Hermannsson Varamenn: Andrés Skúlason, Elvar Jónsson, Eydis Ásbjörnsdóttir, Gunnlaugur Ingólfsson, Gunnþórunn Ingólfsdóttir, Jón Þórðarson og Sigrún Blöndal. Þær breytingar urðu á stjórn á aðalfundi í september 2012 að Jón Björn Hákonarson fór úr aðalstjórn og varð varamaður í stjórn en Sigrún Blöndal kom inn í aðalstjórn. Varamennirnir Elvar Jónsson og Eydis Ásbjörnsdóttir fóru út en inn komu Bárður Jónsson og Vilhjálmur Jónsson.

Starfsár SSA er milli aðalfunda sambandsins sem haldnir eru að hausti ár hvert og skarast því við starfsár Austurbrúar. Ítarleg skýrsla um starfsemi SSA er lögð fram á aðalfundi sambandsins. Hér er því einungis dregið á helstu verkefnum SSA.

### Almenn starfsemi

Starfsemi SSA á árinu 2012 var á margan hátt öðruvísi en fyrri starfsár. Samtökin voru virkur aðili í stofnun Austurbrúar og fór drjúgur tími í það í upphafi árs. Við stofnun Austurbrúar færðist dagleg starfsemi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) undir Austurbrú. Samhliða lét framkvæmdarstjóri SSA af störfum og er málefnum sambandsins síðan sinnt af starfsmönnum Austurbrúar. Nokkurn tíma tók að finna samtökunum farveg innan nýrrar stofnunar. Nokkuð tómarúm myndaðist og ekki var ljóst hvernig farið skyldi með öll málefni samtakanna en þegar leið á árið fóru mál að skýrast og færast í fast horf. Í framhaldinu var ákveðið að fulltrúi sveitarstjórnarmála hjá Austurbrú færi með málefni samtakanna að öðru leyti en því að fjármál SSA heyra undir fjármálastjóra Austurbrúar.

Skipulag og fjárhagsleg ábyrgð á almenningssamgöngum var á hendi Vegagerðarinnar til 1. janúar 2012 en þá var málaflókkurinn færður yfir til landshlutasamtakanna. Fjallað er um verkefnið um samgöngur á Austurlandi í kafla nýsköpunar- og þróunarviðs í þessari skýrslu.

Fulltrúar SSA sækja ýmsa fundi og ráðstefnur og má þar helst nefna fjármálaráðstefnu sveitarfélaga sem haldin er á haustin. Samskipti milli landshlutasamtakanna eru töluverð og hefur erlent samstarf aukist jafnt og þétt á liðnum árum sem kallar á að fulltrúar SSA sækja árlega fundi og ráðstefnur erlendis.

Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi var haldinn á Borgarfirði eystri dagana 14. og 15. september 2012. Á aðalfundinum voru fjölmörg mál til umfjöllunar auk venjulegra aðalfundarstarfa. Þar voru kynningar á aðildar-



viðræðum við Evrópusambandi, IPA- styrkjum og á öllum starfssviðum Austurbrúar. Rætt var um almenningsangöngur á Austurlandi, olíuleit á Dreka-svæðinu, markaðssetningu Austurlands svo nokkuð sé nefnt. Fundargerð aðalfundar er að finna á heimasíðu Austurbrúar ásamt fundargerðum stjórnar SSA og framkvæmdaráðs.

### Sóknaráætlun

Á árinu 2011 var farið formlega af stað með sóknaráætlun landshlutanna. Sóknaráætlun byggir á nýju samskiptamódeli milli ríkis og landshlutasamtakanna. Markmið Sóknaráætlana eru m.a. efling sveitarstjórnarstigsins/ valddreifing, einfaldari og öflugri samskipti ríkis og sveitarfélaga og aukið samráð innan Stjórnarráðsins. Fulltrúar allra ráðuneyta mynda stýrihóp sem hefur það að markmiði að sameina samninga sem í gangi eru milli ráðuneyta og sveitarfélaga undir einn samning sem nefnist „Sóknaráætlun landshluta“. Verkefnið var frumraun á árinu 2011 og á árinu 2012 var lagt upp með nýja nálgun sem segja má að hafi tekist nokkuð vel að framfylgja af hálfu landshlutasamtakanna.



Frá aðalfundi SSA á Borgarfirði eystri árið 2012.





